

# NÁTTÚRUBINGÓ

## Fróðleiksmolar og heilabrot

**BARRTRÉ** draga nafn sitt af upprúlluðum laufblöðum sem líkjast nálum og kallast barr. Það þolir þurrk og kulda betur en hefðbundin lauf því haldast barrtré græn allan ársins hring.

**KLÖPPIN** í Borgarholtinu er úr grágrýti sem myndaðist fyrir nokkur hundruð þúsund árum!

**POLLA** þekkja allir! En hvernig er pollurinn sem þú fannst? Frosinn? Drullugur? Er eitthvað ofan í honum?

**VISNUÐ BLÓM** Blóm búa til fræ plöntu svo hún geti fjölgað sér. Mörg blóma þurfa að fá skordýr í heimsókn til þess að það sé hægt. Til að laða þau að eru þau litrík, með sætan safu inni. Hvernig heldurðu að þetta blóm hafi verið á litinn?

**KÖNGLAR** mynda fræ barrtrjáa. Í einum köngli eru mörg fræ, jafnvel fleiri en 100. Þegar fræin eru þroskuð opnast köngullinn svo fræin geti fokið á nýjan stað.

**BRUM** eru litlir nabbar á endanum lauflausra greina. Á vorin, þegar hlýnar springa þeir út og fyrstu lafin koma í ljós.

**HOLÓTTUR STEINN** Holur í steinum verða til vegna loftbóla í kviku þegar hún storknar. Þegar þær springa eða losna út skilja þær eftir holrúm. eru holurnar stórar eða litlar?

**GRÆNT GRAS** hefur litarefni sem kallast blaðgræna sem býr til sykrur úr vatni, sól og koldíoxíði, það kallast ljóstillífur.

**RISASTÓR STEINN!** Hvaðan kom hann? Fyrir löngu (u.þ.b. 10.000 árum) var Borgarholtið sker út í sjó. Þá barði sjórinn holtið og skolaði mól og sandi í burtu en þessir stóru hnellingar sátu eftir.

**SINUSTRÁ** er dautt strá frá síðasta sumri.

**MOSAR** eru ólíkindatól! Þeir eru ótrúlega harðir af sér og geta lifað næstum hvar sem er. Vissir þú að það eru fleiri en 600 mismunandi tegundir af mosum á Íslandi?

**SNJÓR** Hvernig snjór er núna? Fönn? Mjöll? Hjarn? Slabb? Lausamjöll?Föl?

**MOLD** Íslenskur jarðvegur er af stærstum hluta eldfjallajörð. Hún er mjög frjósöm en hefir litla samloðun. Það þýðir að hún helst illa saman og er viðkvæm fyrir rofi. Sérðu einhver ummerki um það?

**BIRKILAUF** Hvar eru þau núna? Allavega ekki á trjánnum.

**LAUFTRÉ** fella lafin á haustin þegar þau fara í vetrardvala. Áður en lafin falla gulna þau vegna þess að tréð er að færa næringarefni úr laufunum yfir í greinar og rætur til að safna forða fyrir veturinn.

**EITTHVAÐ SEM GLITRAR** Snjór? Steinn? Ís? Eitthvað annað spennandi?

**GJÓTA** er djúp eða þröng hola í jörðinni. Kannski fela þær sig í kringum stóra steina?

**GNAUÐ Í VINDI** Lokaðu augunum og hlustaðu á vindinn. Vissirðu að hljóðið myndast þegar vindurinn strýkst við umhverfið. Hvaðan kemur hljóðið sem þú heyrir?

**SKÝIN** fela ekki sólina af illgirni! Hvernig líta skýin út í dag?

**KRÆKILYNG** gefur okkur safarík ber á sumrin, en hefurðu tekið eftir því að það hefur barr?

**FUGLAHLJÓÐ** Hlustið! eru fuglarnir nokkuð farnir að sofa?

**RUSL** Á það að vera út í náttúrunni?

**KLAKI** Hvernig myndast hann?

**FLÉTTUR Á STEINI** Blettirnir á grjótinu eru lífverur sem kallast fléttur. Þær eru samlífi tveggja ólíkra lífvera sem „fléttast“ saman.

**Hvað fannst þér áhugaverðast?**

**En skemmtilegast? Af hverju?**